

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1673*  
*komudagur 20.2.2013*

Alþingi, nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK  
Reykjavík, 20. febrúar 2013  
R2013020003

Efni: Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða - 570. mál, þskj. 968.

Ríkisskattstjóri hefur þann 13. febrúar 2013 móttækið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ný heildarlög um stjórn fiskveiða. Frumvarpið var áður flutt á 140. löggjafarþingi og er nú endurflutt að gerðum tilteknum breytingum.

Ríkisskattstjóri sendi atvinnuveganefnd Alþingis þann 24. apríl 2012 umsögn um það frumvarp sem flutt var á 140. löggjafarþingi. Í þeirri umsögn kom eftirfarandi fram:

„Almennt má um frumvarpið segja að efni þess falli utan verksviðs ríkisskattstjóra þó að í 7. tölul. 45. gr. frumvarpsins sé að finna tillögu til breytingar á 2. mgr. 48. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Breytingin felur í sér að tilvísun í áður nefndu ákvæði tekjuskattslaga til 5. gr. laga nr. 38/1990 verði breytt þannig að lögin vísi til laga um stjórn fiskveiða. Þar sem ekki eru lagðar til aðrar breytingar á lögum um tekjuskatt ályktar ríkisskattstjóri sem svo að skattaleg meðferð á stofnkostnaði við kaup á réttindum sem ekki rýrna vegna notkunar verði óbreytt.“

Ríkisskattstjóri leyfir sér að áréttu framanritað.

Virðingarfyllt